

Því að álíta, að hin kærða hafi eptir lát manns síns heitins engan rjett haft til þess að reka sveitaverzlun í Bolungarvík, og verður því að dæma hana í sekt til landssjóðs samkvæmt 6. gr. áðurnefndra laga, er virðist hæfilega ákveðin eptir atvikum málsins 6 kr. Svo verður hún og að greiða allan kostnað málsins bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin kærða, ekkjufrú Amalie Thorsteinsen greiði 6 — sex — króna sekt til landssjóðs, svo og allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, settra málaflutningsmanna Ásmundar Sveinssonar og Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 2/1891:

Páll Ólafsson
 gegn
 Jóni Einarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjerði af Jóni bónda Einarssyni á Víðivöllum ytri gegn umboðsmanni Páli Ólafssyni út af meiðyrðum og er rekið og dæmt fyrir lög-

reglurjetti Norðurmúlasýslu með þeim úrslitum, að Páll umboðsmaður var dæmdur eptir 219. gr. hegnl. í 20 kr. sekt til landssjóðs, eða 6 daga einfalt fangelsi, ef sektin ekki væri greidd í ákveðinn tíma; svo voru og hin kærðu ummæli dæmd dauð og ómerk og hann dæmdur til að lúka 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Páll Ólafsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 8. jan. þ. á., og þar krafizt, fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá *undirjettinum*, með því það hafi verið rekið og dæmt í hjeraði fyrir lögreglurjetti, þótt það sje höfðað út af meintum ærumeidandi ummælum, eða geti yfirdómurinn ekki fallizt á þessa kröfu, að hann verði dæmdur sýkn af kær-um og kröfum stefnda í þessu máli, að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir ástæðulausa og óþarfa málsýfing og til að greiða áfrýjandanum allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi að skaðlausu eða eptir mati rjettarins. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að lögreglurjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdóminum að skaðlausu eptir mati rjettarins.

Að því frávisunarkröfu áfrýjanda snertir, skal það tekið fram, að málið að vísu hefur verið höfðað, rekið og dæmt fyrir lögreglurjetti, en með því farið hefur verið að öllu leyti með málið eptir þeim rjettarfarsreglum, sem ákveðnar eru í tilskip. 15. ágúst 1832, að því einu undanskildu, að rjetturinn er nefndur lögreglurjettur, og að terminus executionis í dóminum er ákveðinn 3 sólarhringar, virðist ekki næg ástæða til fyrir þá sök að ómerkja meðferð málsins fyrir undirjettinum (lögreglurjettinum), og verður þessi krafa áfrýjanda því ekki til greina tekin.

Að því kemur til aðalefnis málsins eru tildrög þess þessi:

Í brjefi til Norður- og Austuramtsins dags. 9. nóv. 1887 kemst áfrýjandi meðal annars þannig að orði, »að stefndi hafi mælt sjer út engjateig í Skriðuklausturs landi í fyrra sumar«. Sem eigandi Víðivalla ytri telur hinn stefndi til ýmissa ítaka í Skriðuklausturs landi og þar á meðal til engjastykkis, er samkvæmt máldaga Víðivalla frá 1674 hefur verið með ákveðnum ummerkjum, en sem áfrýjandi nú telur, að ekki sjeu lengur til, en sem stefndi hafi þrátt fyrir það útmælt sjer úr Skriðuklausturs engjum. En með þessa útmælingu virðist hafa gengið svo til, að Sæbjörn nokkur Egilsson, er hafði umboð áfrýjanda til að skrifa undir merkjalýsingu milli Víðivalla ytri og Skriðuklausturs 1884, hefur þá mælt stefnda út engjastykki í Skriðuklausturs landi — áfrýjandi hefur nefnt í brjefinu skakkt ár, er útmælingin á að hafa farið fram —; hvort hann hefur haft til þess nokkurt umboð frá áfrýjanda eða ekki, er ekki ljóst af málsskjölunum. Það virðist svo, sem að það sje þessi útmæling, er áfrýjandi hefur átt við í áðurnefndu brjefi sínu til amtsins, og telur hann hana gjörða af stefnda, eða að það verði að líta svo á, hafi Sæbjörn útmælt engjastykkið, er hann ekki hafi haft heimild til, sem stefndi hafi gjört það sjálfur. Það eru þessi ummæli, sem stefndi telur meiðandi fyrir sig.

En yfirdómurinn getur ekki litið svo á, að þessi ummæli, sem einungis fela í sjer þá yfirlýsing áfrýjanda í brjefi til hlutaðeiganda amtmanns sem yfirboðara síns, að stefndi hafi sjálfur tekið sjer rjett til að ákveða um engjastykkisítak, er ekki var ágreiningslaust um, verði eptir atvikum skoðuð saknæm meiðyrði,

og ber því að sýkna áfrýjanda af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli, og virðist þá rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði fyrir undir- og yfir-rjetti, er þykir hæfilega metinn 30 kr. — Ekki þykir ástæða til að dæma stefnda til sekta fyrir óparfa máls-ýfing.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi Páll Ólafsson á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda, Jóns Einarssonar, í þessu máli. Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum með 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 1/1891:

Jónas Th. Stephensen
 gegn
 H. J. Ernst.

D ó m u r :

Mál þetta, sem er út af meiðyrðum, hefur í hjeraði verið höfðað og dæmt fyrir lögreglurjetti, en ekki eins og vera bar fyrir aukarjetti og samkv. tilsk. 15. ág. 1832. Að vísu hefur málið verið lagt til sætta og að sumu leyti með það farið samkvæmt nýnefndri tilskipun; en með því mjög mikið vantar á, að þær skýringar, sem á þurfti að halda í málinu, sju fengnar, og með því að hjeraðsdómarinn með öllu hefur vanrækt að leiðbeina málsþörtunum, þá verður ekki hjá því komizt að dæma hinn áfrýjanda dóm og meðferð málsins í hjeraði